

## 30. Stjórnarfundur FENÚR

haldinn 27. apríl 2001 kl. 09:00 á skrifstofu SORPU í Gufunesi.

Mættir: Gunnar Bragason, Pétur Bjarnason, Ingi Arason og Ásmundur Reykdal.

Þetta er 1. fundur nýkjörinnar stjórnar eftir aðalfund.

Fundargerðir 28 og 29. fundar liggja ekki fyrir.

### **Stjórn, skiptir með sér verkum.**

Samþykkt að verkaskipting stjórnar verði óbreytt. Varaformaður, Pétur Bjarnason. Ritari, Ingi Arason. Gjaldkeri, Jóhannes Pálsson og meðstjórnandi Ragna Halldórsdóttir.

### **Samstarf við Hollustuvernd.**

G.B. greindi frá viðræðum við Davíð Egilsson og Helga Jenson, hjá Hollustuvernd þar sem rætt var um hugsanleg verkefni sem starfsmaður FENÚR gæti sinnt fyrir stofnunina og fleiri aðila, sem tengjast málefnum um endurvinnslu úrgangs. Mjög jákvætt var tekið í málið og verður efnt til fundar með fulltrúum Umhverfisstofnunar, STENÚR, FENÚR og Hollustuverndar á næstunni, sem Helgi boðar til. Hugmyndir eru um að vista starfsmanninn hjá Hollustuvernd, ef af verður.

### **LCA málið**

I.A. greindi frá stöðunni. Málið rætt og ákveðið að senda bréf til þeirra aðila, sem hagsmuni hefðu af aðgengi að slíkum upplýsingum og óska eftir þátttöku þeirra við fjármögnun verkefnisins, þ.e. þann hluta, sem Íslendingar þurfa að fjármagna.

### **Starfshópar.**

Hvatt til að starfshópar hefji störf hið fyrsta. Formaður, mun senda erindi til hópstjóra um þetta.

Starfshópar geri tillögur að fundarefni haustráðstefnu FENÚR.

### **Merkingakerfi.**

I.A. lagði fram hugmynd að fjármögnun við hönnunar og stofnkostnað merkingakerfisins, sem kynnt var á aðalfundi FENÚR. Gengið er út frá því að útgáfurétturinn verði hjá FENÚR og þangað geti aðilar sótt heimild til notkunar merkingakerfisins gegn gjaldi.

### **Um aðalfund.**

Stjórn, lýsti yfir ánægju með aðalfundinn og ráðstefnuna að honum loknum. Þáttaka hafi verið góð og erindi, sem þar voru flutt, ýtarleg og áhugaverð.

Framundan sé að gera FENÚR meira áberandi og auka aðkomu þess að umfjöllun um málaflokkinn, t.d. með því að fá þungavigtarmenn á sviði þessara mála til liðs við félagið.

Lagt til að á næsta aðalfundi verði sent fundarboð til fleiri aðila, en félagsmanna FENÚR, t.d. Alþingismanna, sveitarstjórnarmanna, tæknimanna sveitarfélaga, heilbrigðisfulltrúa, Hullustuverndar ríkisins, ráðuneyta, Sambands Ísl. Sveitarfélaga, Samtaka iðnaðarins, Samtaka atvinnulífsins, Samtaka verslunarinnar, aðildarfélaga

fiskiðnaðarins og annara hagsmunaaðila. R.H. sjái um að útbúinn verði póstlisti vegna þessa.

Ákveðið að senda þingmönnum kynningarbréf um FENÚR.

Fundargerð aðalfundar var lögð fram, samþykkt af fundarstjóra Elíasi Ólafssyni og fundarritara.

**Efni á heimasíðu.**

G.B. athugar um samþykki Ólafs Kjartanssonar, um að efni úr erindi hans á aðalfundi verði sett á heimasíðu félagsins.

Næsti stjórnarfundur verður haldinn 16. maí kl. 15:30 á skrifstofu SORPU.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 10:25

Ásmundur Reykdal.